41 27. febr. þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í þessu efni, og er yður jafnframt falið að gjöra þær frekari fyrirskipanir, sem þörf kynni á að vera.

Nokkur eyðublöð undir hinar framannefndu skýrslur og bráðabirgðaskírteinin fylgja hjermeð.

42 13. marz **Brjef ráðgjafans fyrir Island** *til landshöfðingja* **um að Búland í Skaptártungu megi leysast undan prestsmötugjaldi.** — Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 28. nóvember f. á., hefir hans hátign konunginum samkvæmt allra þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins þar að lútandi allra mildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess, að eigendum jarðarinnar Búlands í Skaptártungu í Skaptafellsprófastsdæmi verði leyft að losast við prestsmötugjald það — 80 punda árlegt smjörgjald til prestsins, — er hingað til hefir hvílt á tjeðri jarðeign, gegn því að greiða innan 5 ára einu sinni fyrir allt 1040 krónur, og skal þessi upphæð sett á vöxtu til afnota fyrir Ásaprestakall í Skaptártungu í Vesturskaptafellsprófastsdæmi og nægilega tryggð á þann hátt, er stiptsyfirvöldin nánar ákveði.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum og frekari ráðstöfunar.

Embættaskipun og lausn.

29. janúar var síra Halldóri Bjarnarsyni, presti til Presthóla og prófasti í Norðurþingeyjarprófastsdæmi, vikið frá embætti um stundarsakir.

6. apríl var *aðstoðarpresti síra Ólafi Sæmundssyni* af landshöfðingja veitt *Hraungerðisprestakall* í Árnesprófastsdæmi samkvæmt kosning safnaðarins, frá fardögum 1897 að telja.

31. marz setti landshöfðingi Hannes Ó. Magnússon til þess fyrst um sinn að þjóna póstmeistaraembættinu í Reykjavík á eigin ábyrgð.

Óveitt embætti.

Póstmeistaraembættið í Reykjavík.

Árslaun 2400 krónur.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844, og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því, að þeir kunni íslenzka tungu.

Auglýst 13. marz 1897.

Umsóknarfrestur til 1. júlí 1897.

Leiðrjetting.

Bls. 30, 19. línu »pott« á að vera *4 potta*

— — 20. — »pottinn« á að vera *4 potta.*